

## Áætlun GF um viðbrögð við alvarlegum líkamsárásum

Ráðist einstaklingur í skólanum á nemanda eða starfsmann eru viðbrögð skólans sem hér segir:

- Skólastjórnendur og umsjónarkennarar þeirra nemenda sem málinu tengjast mynda teymi sem vinnur samkvæmt þessari áætlun.
- Ofbeldisþoli fær aðhlyningu og aðstandendur hans/hennar eru kallaðir í skólann.
- Allt er gert sem hægt er til að skapa sem skýrasta mynd af málsatvikum.
- Lögregla er kölluð á staðinn ef ástæða þykir til. Nauðsynlegar skýrslur gerðar.
- Árásaraðili og foreldrar hans eru kallaðir sem allra fyrst til skólastjóra og þeirra starfsmanna sem voru á staðnum þegar atvikið átti sér stað, þar sem farið er yfir málið.
- Máli árásaraðila vísað til nemendaverndarráðs – nemendaverndarráð tekur ákvörðun um hvort tilkynna á til Barnaverndar. Háð aldri og fleiru.
- Nemendur og starfsfólk skólans upplýst um málið.
- Ofbeldisþola boðinn stuðningur hjá hjúkrunarfræðingi, námsráðgjafa eða sálfræðingi.
- Ákvarðanir eru teknar um áframhaldandi skólagöngu árásaraðila sem og hugsanleg viðurlög. Viðurlög eru samræmi við brot á öryggisreglum. Meta verður í hverju tilfelli hvenær nemandi getur komið aftur í skólann.
- Gerandanum er fundin aðstoð við hæfi, t.d. viðtal hjá sálfræðingi, námsráðgjafa, ART þjálfun.
- Áætlun gerð um aukið eftirlit eða aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir sem nauðsynlegar teljast.
- Árásaraðili og þolandi hittast ásamt foreldrum sínum hjá skólastjóra til að ræða málin, þegar allir aðilar eru tilbúnir.
- Beiti starfsmaður við skólann líkamlegu ofbeldi gagnvart nemendum eða samstarfsfólki er málsmeðferð í samræmi við réttindi og skyldur starfsmanna.

Allt ferlið hefur það markmið að horfa fram á vegin með öllum aðilum.

Ferli máls skal skráð hjá skólastjóra, þannig að fram komi með hvaða hætti hverju atriði í áætluninni er sinnt. Skráningin skal geymd hjá skólastjóra.